

Náttúruverndarstofnun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnesi
804 Selfossi

Garðabær, 1. apríl 2025
202503-0200/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Breyting á deiliskipulag - Réttarholt L166586 Árnesi; Stækkun skólalóðar og byggingarreits og afmörkun fyrir rofahús - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Árnes.

Í greinargerð kemur fram að í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits umhverfis skóla og íþróttahús. Jafnframt er skilgreind lóð fyrir rofahús rafveitu sunnan skólalóðar.

Þjósárhraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar er innan skipulagssvæðisins hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðisvæðis, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Mikilvægt er að fjallað sé um hvort að sjáanlegar jarðmyndanir séu á skipulagssvæðinu og ef svo er er mikilvægt að vernda þær.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

lögfræðingur